



**234. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 10. júní 2015 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Örn Andrésson og Jón Finnbogason 3. varamaður.**

**Þetta gerðist:**

### **1. Smáþjóðaleikarnir 2015**

Smáþjóðaleikarnir gengu mjög vel að öllu leyti. Íslendingar fengu 115 verðlaun að þessu sinni og hafa í heildina hlotið flest verðlaun allra smáþjóðanna.

Forseti þakkaði stjórnarfólki fyrir afar góð störf í þeim verkefnum sem þeim var falið í undirbúningi og framkvæmd leikanna. Hann þakkaði Helgu Steinunni sérstaklega fyrir frábært starf sem formaður Skipulagsnefndar Smáþjóðaleikanna 2015 og einnig framkvæmdastjóra og starfsfólki öllu, bæði fastráðnu og þeim sem ráðnir voru tímabundið til verkefnisins.

Þakkir voru bókaðar til samstarfsaðila leikanna, styrktaraðila og sjálfboðaliða fyrir frábæra leika. Eins voru bókaðar þakkir til hönnunarteymis Smáþjóðaleikanna, þeirra Elnu Nielsen og Loga Jes Kristjánssonar.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir það helsta varðandi framkvæmd leikanna. Viðburðir leikanna voru mjög vel sóttir og ljóst að áhorfendur hafa verið 30-35 þúsund í heildina. Tímabundnar ráðningar í einstök verkefni í kringum leikana heppnuðust einstaklega vel og allt starfsfólk stóð sig afar vel.

Unnið er að skýrslu um leikana en mikilvægt er að halda utan um bæði það sem vel var gert og einnig það sem betur hefði mátt fara.

Veðurfarið á 2. keppnisdegi varð til þess að nokkur verðmæti glötuðust og hlaust einhver kostnaðarauki af því. Fjárhagslegt uppgjör liggur ekki fyrir en unnið er því að hörðum höndum að bóka reikninga jafnóðum og þeir berast.

Fundarmenn voru ánægðir með langflesta þætti í framkvæmd leikanna, svo sem umgjörð og mótahald sérsambanda, umgjörð og framkvæmd verðlaunaafhendinga og skólaverkefnið sem tókst einstaklega vel. Yfir 500 skólabörn heimsóttu Laugardalinn á meðan á leikunum stóð og þáðu fræðslu um ÍSí, Smáþjóðaleikana og olympismann.

Sú ákvörðun að hafa sem flest keppnissvæðin og veitingahöllina í Laugardalnum reyndist einstaklega hagkvæm og varð til þess að auka stemningu í Dalnum og einfalda stóra þætti í undirbúningi og framkvæmd leikanna. Eldstæðið var vel útfært og skapaði skemmtilega umgjörð fyrir myndatökur, bæði fyrir hópa og einstaklinga.

Garðar Svansson sagði fararstjórn íslenska hópsins ánægða með leikana. Aðstaðan fyrir íslenska hópinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kom sér vel og var vel nýtt. Hópurinn allur var til sóma og allir glaðir og ánægðir.

## **2. Ólympísk málefni**

### *Evrópuleikarnir*

Garðar Svansson skýrði frá því helsta í undirbúningi leikanna. Örvar Ólafsson aðstoðarfararstjóri og hluti af hópnum eru þegar farin út. Forseti, framkvæmdastjóri og Andri Stefánsson aðalfararstjóri fara á morgun.

### *EYOF 2015*

Garðar Svansson fór yfir undirbúning Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar sem haldin verður í Tblisi í Georgíu 26. júlí – 1. ágúst.

Endanlegur keppendalisti liggur ekki fyrir en verður sendur til framkvæmdastjórnar með tölvupósti til staðfestingar þegar nær dregur. Í fararstjórn á vegum ÍSÍ verða eftirtaldir:

Guðmundur Ágúst Ingvarsson aðalfararstjóri, Örvar Ólafsson aðstoðarfararstjóri og Bjarni Már Ólafsson sjúkráþjálfari.

Auk þess munu Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ vera viðstödd leikana. Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ mun vera hópnum til aðstoðar í æfingabúðum sem hópurinn fer í í Bosön í Svíþjóð á leið sinni á leikana.

### *Ólympíuleikarnir í Ríó 2016*

Undirbúningur í fullum gangi. Þrír íþróttamenn hafa náð lágmarkum eins og staðan er. Aðalfararstjórafundur verður haldinn í Ríó de Janeiro í ágústmánuði og munu framkvæmdastjóri ÍSÍ og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sækja þann fund.

## **3. Heiðranir**

Engar tilnefningar til heiðrana liggja fyrir fundinum að þessu sinni. Fyrirhugað er að hafa móttöku vegna nýafstaðinna Smáþjóðaleika á haustmánuðum þar sem tækifæri mun gefast að þakka og mögulega heiðra einstaka aðila. Heiðursráði falið að kanna með tilnefningar til heiðrana af þessu tilefni.

## **4. Fundargerðir:**

Fundargerð 233. fundar framkvæmdastjórnar lögð fram og staðfest.

## **5. Viðburðir framundan**

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **6. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Hlé verður gert á fundahaldi framkvæmdastjórnar fram í ágúst. Stefnt er að vinnufundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ á haustmánuðum.

## **7. Önnur mál**

### *Dagskrá framkvæmdastjórnarfunda*

Samþykkt að hafa stutt yfirlit frá hverju fagsviði ÍSÍ fyrir sig á hverjum fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari